



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 8. nóvember 2018

1811015SA SAS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn í samráðsgátt um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Vísað er til fréttar á samráðsgátt Stjórnarráðs Íslands frá 29. október sl. þar sem kallað er eftir umsögnum um drög að endurskoðaðri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fyrirhuguð breyting á reglugerð byggir að mestu á tillögum nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum sjóðsins. Skýrsla nefndarinnar var gefin út fyrir rösklega ári síðar og m.a. kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2017 og aftur á landsþingi sambandsins í september 2018.

Í gildandi stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir kjörtímabilið 2014-2018 eru eftirtalin ákvæði sem lúta að breytingum á regluverki jöfnunarsjóðs:

- Sambandið skal styðja við endurskoðun og einföldun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo framlög sjóðsins nýtist sem best til að jafna stöðu sveitarfélaga, þannig að þau geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum.
- Sambandið skal beita sér fyrir því að breytingar á framlögum til sveitarfélaga vegna breytts regluverks verði innleiddar í áföngum, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum sem fá lægri framlög en áður. Jafnframt verði unnið að því að upplýsingar um árleg framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga berist í tæka tíð fyrir gerð fjárhagsáætlana.
- Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög verði upplýst tímanlega um áhrif hugsanlegra breytinga á reglum jöfnunarsjóðs á framlög til þeirra.

Sambandið tekur ekki efnislega afstöðu til fyrirbyggjandi draga að breytingu á reglugerðinni. Þó verður ekki hjá því vikist að gera alvarlega athugasemd við þau áform að reglugerðin eigi að taka gildi þegar í byrjun næsta árs og að hún skuli vera kynnt svo seint sem raun er og ekki er að sjá að breytingarnar verði innleiddar í áföngum.

Lögum samkvæmt ber að leggja fyrir sveitarstjórn tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. nóvember ár hvert og sveitarstjórnir eru þessa dagana í óða önn að fjalla um áætlanir næstu ára. Jöfnunarsjóður hefur nýverið gefið út áætlanir um framlög næsta árs eftir sveitarfélögum. Mjög hefur verið kallað eftir því að slíkar áætlanir liggi fyrir áður en fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru lagðar fram. Jöfnunarsjóður hefur svarað því kalli og er það vel.

Fyrirhuguð reglugerðarbreyting mun væntanlega setja strik í fjárhagsáætlanir ýmissa sveitarfélaga. Í fylgiskjali sem birt er á samráðsgáttinni er ágæt samantekt á tillögnum.




Með tilliti til vinnu sveitarstjórna við fjárhagsáætlun hefði verið heppilegt að sýna áhrif á einstök sveitarfélög í fylgisskjalinu.

Sambandið telur mikilvægt að sveitarstjórnnum verði kynntar þessar fyrirhuguðu breytingar sérstaklega og mun hvetja þær til að skila inn umsögnum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sigurður Ármann Snævarr
sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs